



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

6. janúar 2011

1. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Gómsætar
og girnilegar
PIZZUR
á góðu verði

Vesturslóð

Restaurant & Bar

Edinborgarhúsinu

Sími: 456 6620



Með tónlist- ina í blóðinu

„Hér á Ísafirði eru mjög góðir kennarar. Allir nemendur fá sitt tækifæri og kennslu sem hentar þeim,“ segir Janusz Frach, fiðlu-kennari við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Hann og kona hans, Iwona Frach, píanóleikari, hafa búið á Ísafirði í sextán ár, og synir þeirra þrír þykja allir undrabörn í tónlist. Þau segja frá synfóniunni heima við og skemmtilegu verkefni framundan á miðopnu í dag.



EIMSKIP

| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

Yfir hafið og heim

Sókn í framhaldsskóla mest á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum innrita 97% þeirra nemenda sem útskrifast úr grunnskólum sig í frekara nám í framhaldsskólum landsins. Samkvæmt skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga er skólasókn meðal 16 ára ungmenna hæst á Vestfjörðum og í Reykjavík. Fyrir landið í heild er hlutfallið 95% og hefur hækkað um 2% milli ára. Árið 2003 var hlutfallið á Vestfjörðum 91% en þá voru Vestfirðir undir landsmeðaltalinu. Lægst var hlutfallið á Suðurnesjum eða 92%. Í skólaskýrslunni er leitt líkum að því að aukin sókn ungmenna í framhaldsskóla stafi af efnahagsástandinu og atvinnuleysi. Athygli vekur að örlítið hærra hlutfall pilta á Vestfjörðum innritast í framhaldsnám eftir grunnskóla eða 97% á móti 96% stúlkna, en almenna reglan er sú að hlutfallsleg skólasókn 16 ára stúlkna er aðeins hærri en pilta.

1,9 milljóna halli

Gert er ráð fyrir að vatnsveitan í Bolungarvík verði rekin með 7,3 milljóna króna halla á árinu 2011. „Ef rækjuvinnsla hefst og verður að einhverju marki á árinu 2011 má þó búast við að mikil breyting verði þar á. Bæjaryfirvöld hafa lagt á það mikla áherslu við Byggðastofnun að fenginn verði aðili að rekstrinum sem fyrst. Ætla má að starfsemi rækjuverksmiðjunnar skili bæjarsjóði milljónatugum á ári hverju,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í stefnuræðu sinni með fjárhagsáætlun Bolvíkinga sem lögð var fram til fyrri umræðu fyrir skemmstu. Þar kemur einnig fram að fráveitan er rekin með 5,4 milljóna króna hagnaði, en þar eru afskriftir 0 kr. Samanlagt eru veiturnar tvær, vatnsveitan og fráveitan, því reknar með 1,9 milljóna króna halla.

Hækkar um 25% í strætó

Gjaldskrá Strætisvagna Ísafjarðarbæjar hækkaði um áramótin. Hækkunin er tilkomin vegna hækkunar á gjaldskrá Strætó bs. Í samningi Ísafjarðarbæjar við verktaka er kveðið á um að fargjöld renni til verktaka og að þau skuli fylgja gjaldskrá Strætó bs, en hún hækkar um áramót og því hækkar gjaldskrá Strætisvagna Ísafjarðarbæjar að sama skapi. Hækkunin nemur um 25%. Vert er að benda á að grunnskólabörn í Ísafjarðarbæ njóta gjaldfrelsis í vagna á vegum bæjarins.

Uppsagnir hjá Funa

Fimm starfsmönnum Funa – sorpbrennslustöðvar verður sagt upp störfum um áramótin þegar nýr verktaki tók við sorphirðu og -eyðingu fyrir Ísafjarðarbæ. „Nýr verktaki tekur við 1. janúar og þá mun Ísafjarðarbær ekki koma lengur að starfsemi Funa,“ segir Jóhann Birkir Helgason, sviðsstjóri hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar. Hann segir starfseminu í húsnaði Funa í Engidal muni eðlilega taka breytingum. „Þarna verður engin sorpbrennsla lengur heldur verður rekin þar flokkunarstöð. Það er verið að gera breytingar innanhúss fyrir þetta nýja hlutverk en þær eru óverulegar,“ segir Jóhann Birkir.

KFÍ missir leikmann

KFÍ-liðinn Edin Sulic hefur farið til síns heima eftir erfið meiðsl, uppskurð og endurhæfingu í margar vikur. „Aðgerðin heppnaðist ágætlega, en hann þarf mun lengri tíma til að ná sér að fullu. Þetta voru gríðarleg vonbrigði fyrir Edin sem leið mjög vel á Ísafirði og gerði allt sem hann gat í þeim leikjum sem tók þátt í með félaginu,“ segir á kfi.is. Edin var með 15.3 stig, 9,5 fráköst og 1.3 varin í leik. Á kfi.is segir að ekki verði kvartað yfir framlagi hans til félagsins. „Það er mikill söknuður af þessum pilt, enda frábær leikmaður og sömuleiðis félagi. Nú stendur leit yfir af manni í hans stað og verður greint frá því um leið og eitthvað gerist í þeim efnun.“

Litlar breytingar fasteignamarkaðs

„Árið hefur verið mjög svipað og það var árið 2009 hvað varðar sölu. Miðað við aðstæður, fjólfækun og erfitt atvinnuástand á nokkrum stöðum, þá erum við þokkalega sáttir,“ segir Guðmundur Óli Tryggvason, löggildur fasteignasali hjá Fasteignasölu Vestfjarða. „Salan var mjög góð á árunum 2006-2007 en tók svo dýfu niður á við eftir hrun, en síðan þá hefur markaðurinn hér vestra haldið í horfinu. Vestfirðir

eru til dæmis einn fárra landshluta þar sem fasteignamatíð stendur í stað.“

Guðmundur Óli segir markaðinn á Vestfjörðum ekki vera einsleit. „Það er til að mynda töluverður verðmunur á fasteignum á Ísafirði annars vegar og svo hins vegar í smærri þorpunum í kring. Þá er líka munur á þorpunum sjálfum. Á Þingeyri eru til dæmis mjög fáar eignir lausar en á Flateyri, þar sem atvinnu-

ástandið hefur verið erfitt undanfarin ár, er framboðið talsvert meira. Á þessum minni stöðum höfum við líka tekið eftir því að meira er um að brottfluttur einstaklingar festi kaup á húsum til þess að dvelja í yfir sumartímann. Annars er ekki að merkja miklar breytingar á markaðinum, en það kom svolítið á óvart að að eftirspurn eftir fasteignum í Bolungarvík hefur ekki aukist frá því að göngin voru opnuð. Fyrirfram

Nýtt ár lofar góðu

„Árið var mjög skemmtilegt og gott,“ segir Kristjana Milla Snorradóttir sem tók við stöðu framkvæmdastjóra Vesturferða síðastliðið haust. „Það komu 30 skemmtiferðaskip til Ísafjarðar síðasta sumar sem var fjölgun frá árinu áður. Ferðamenn sem heimsækja okkur á skemmtiferðaskipum eru orðnir mjög mikilvægur þáttur í starfi Vesturferða og mikil vinna fer í að skipuleggja ferðir fyrir þá. Útlitið fyrir næsta sumar er enn betra, 35 skip hafa boðað komu sína sem gefur mjög góða fyrirheit um framhaldið,“ segir Kristjana Milla. „Heimsmeistaramótið í fótbolta setti svip á sumarið hjá okkur. Það var nokkuð rólegt yfir þegar mótið stóð sem hæst, en daginn eftir síðasta leikinn kom sprenging í þöntunum. Þetta heyrir ég líka frá öðrum ferðapjónum og greinilegt að heimsviðburðir á borð við HM hafa mikil áhrif. En þrátt fyrir fótboltann og lætin í Eyjafjallajökli, var fjöldi ferðamanna sem heimsótti Vestfirði líka mikill og árið 2009 og við megum vera ánægð með það.“ Kristjana Milla segist merkja litlar breytingar á hegðun ferðamanna. „Vinsælustu ferðirnar okkar voru eftir sem áður stuttar ferðir í Vigur og á Hesteyri sem taka u.þ.b. þrjá til fjóra tíma. Dagferðir til Hornstranda voru vinsælli í ár en árin á undan. Í slíkum ferðum gefst fólki kostur á að upplifa svæðið nokkuð vel, t.d.

með dagsgöngu frá Aðalvík til Hesteyrar, án þess þó að þurfa að burðast með þunga bakpoka alla leiðina. Við förum þessar ferðir þrisvar í viku og það var nánast fullt í þær allar í sumar. Allt bendir líka til þess að vinsældir Hornstranda séu að aukast og nú þegar er búið að panta töluvert af ferðum þangað næsta sumar. Til dæmis er gistingin í Reykjavírói á Ströndum uppseld. Við finnum líka fyrir því að gönguhópar Íslendinga, sem sífellt fer fjölgandi, eru greinilega orðnir ansi skipulagðir í ferðum sínum, en óvenju margir slíkir hópar hafa nú þegar pantað ferðir og gistingu á Strandir og Hornstrandir.“ Með nýju fólki fylgja nýjar áherslur og Kristjana Milla segir það vissulega gilda í tilfalli Vesturferða. „Það er mjög spennandi að fá að takast á við þetta verkefni. Mín áhersla er nú að reyna að færa fyrirtækið nær því viðhorfi sem menn höfðu að leiðarljósi þegar Vesturferðir var stofnað, en þá var markmiðið að þjónusta alla Vestfirði. Undanfarin ár hefur áherlan verið á norðursvæðið en það þarf að huga betur að Suðurfjörðunum. Það er til að mynda engin ferðapjónusta sem sinnir öllu suðursvæðinu en við ættum að vinna saman að því að koma ferðalöngunum af hringveginum og inn á okkar svæði. Hver og einn ferðamaður sem ratar út af hringveginum inn á Vestfirði er



okkur öllum mikilvægur. Þótt hann heimsæki einungis Suðurfirðina þá ber hann út orð-

gar á kaði

reiknaði maður með að göngin myndu ýta undir frekari eftirspurn en við höfum ekki séð mikla breytingu þar á enn.“

Aðspurður segir Guðmundur Óli líta björtum augum á framtíðina. „Við erum bjartsýnir. Salan hefur ekki verið mikil síðastliðin tvö ár en þörfin er að byggjast upp. Flestir þurfa að eignast heimili einhvern tímann og við eigum því allt eins von á að það komi kippur í sölnu á nýju ári.“



Fasteignamarkaðurinn á Vestfirðum hélt í horfinu síðastliðin ár.



Kristjana Milla Snorradóttir tók við starfi framkvæmdastjóra Vesturferða í haust.

stír allra Vestfirðna þegar heim er komið. Rannsóknir hafa sýnt að besta auglýsingin

er góður orðstír sem berst munnlega milli manna og við finnum mikið fyrir því á Vest-

urferðum hversu mikilvægt þessi markaðssetning er,“ segir Kristjana Milla.

Styrkveitingu til eldri borgara hafnað

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur hafnað Félagi eldri borgara á Ísafirði um styrk vegna reksturs félagsmiðstöðvarinnar Nausts. Nefndin lét bóka að hún hafni erindinu í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Styrkbeiðnin hljóðaði upp á 240.000 krónur. Nefndin hafði áður hafnað beiðni Félags eldri borgara á Ísafirði þess efnis að sveitarfélagið styrki eldri borgara með því að hafa starfsmann í félagsmiðstöðinni fjóra tíma á dag, fimm daga vikunnar á árinu 2011. Var því erindi einnig hafnað vegna fjárhagsstöðu Ísafjarðarbæjar. Nefndin benti þá á að Ísafjarðarbær leggur nú þegar fram fé til starfsemi Félags eldri borgara á Ísafirði.



Stuðningur við nýsköpun

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að bærinn listi upp þær eignir sveitarfélagsins sem hægt er að leggja til vegna fjölgunar starfa. Þetta kom fram á bæjarráðsfundum þar sem rætt var um stuðning bæjarins við fyrirtæki sem vilja skapa ný störf í Ísafjarðarbæ. M.a. var farið yfir það hvernig þetta er gert í öðrum sveitarfélögum. Ákveðið var að halda vinnunni áfram með það að markmiði að koma hagsmunaaðilum saman á grundvelli umræðna á fundinum. Miðað er við að búið sé að setja reglur fyrir 1. mars. Næstu skref eru að útfæra verkefni betur. Starfsmanni atvinnuálfundar hefur verið falið að vinna málið áfram.

Ný stjórn sjómannaedeildar

Ný stjórn var kjörin á deildaraðalfundi sjómanna í Verka-lyðsfélags Vestfirðinga rétt fyrir áramót. Nefndina skipa þeir Sævar Gestsson, formaður, Grétar Þór Magnússon, varaformaður, Ólafur Skúlason, meðstjórnandi. Til vara eru Magnús Björgvinsson, Símon Viggósson og Höskuldur B. Gunnarsson. Á fundinum voru líflugar umræður um kjaramál sjómanna, þá voru öryggis- og fræðslumál einnig mjög til umræðu enda hverjum sjómanni nauðsynlegt að vera vel að sér í öryggismálum. Á fundinum var einnig farið yfir helstu breytingar á reglum um lögskráningu sjómanna sem tóku gildi 1. nóvember.



Árið kvatt á Hauganesi

Fjöldmenni sótti áramótabrennu Ísfirðinga á Hauganesi við Skutulsfjörð á gamlárskvöld. „Þetta heppnaðist mjög vel. Það lægði um kvöldið þannig að við fengum fínt veður“, segir Hagalín Ragúelsson brennustjóri. Harmónikkutónar ómuðu á Hauganesi þar sem Ásgeir Sigurðsson og Einar Hreinsson léku á nikkur sínar og nokkrir tóku sig saman og sungu nokkur lög. Að sögn Hagalíns myndaðist góð stemning. Þess má til gamans geta að Hagalín tók við brennustjórninni um áramótin í fyrra af Sigurði Sveinsyni sem lengi hefur stýrt brennu Ísfirðinga um árabíl en hann hefur komið að brennunni í 70-80 ár.

Uppistaða brennunnar voru trébreitti að þessu sinni. Er leið á brennuna stóð Björgunarfélag Ísafjarðar fyrir flugeldasýningu



sem prýddi kvöldhiminninn með fögrum litasprenjum.

Ekki er vitað til þess að áramótabrennur hafi verið haldnar hér á landi fyrr en á ofanverðri 18. öld að því er fram kemur á Vísindavefnum. Fyrir þann tíma

var timbur og annar eldiviður einfaldlega of dýrmætur til að honum mætti sóa í slíkt. Í dag eru áramótabrennur orðnar ómissandi liður í því að kveðja gamla árið og fagna því nýja í flestum byggðum bóllum landsins.



Samið um skuldir fimm sparisjóða

Seðlabanki Íslands hefur lokið samningum um skuldir fimm sparisjóða sem ekki uppfylltu skilyrði um lágmark eigin fjár í kjölfar bankahrunsins. Þetta eru Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Norðfjarðar, Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Vestmannaeyja og Sparisjóður Þórs-hafnar og nágrennis. Seðlabankinn hefur afskrifað rúmlega 4,5 milljarða króna kröfur. Auk þess hafa Sparisjóður Suður-Þingeyinga og Sparisjóður Höfðhverfinga greitt skuldir sínar við Seðlabankann. Í neyðarlögunum svonefndu er heimild til handa fjármálaráðherra fyrir hönd ríkis-

sjóðs til að leggja sparisjóðum til stofnfé sem nemur allt að 20% af bókfærðu eigin fé þeirra.

Að sögn Seðlabankans byggði endurskipulagning skulda sparisjóða upphaflega á grunni laganna en þegar á leið reyndist staða sparisjóðanna verri en áður var talið og kom í ljós að framlag samkvæmt neyðarlögunum myndi ekki duga til að endurreisa þá fjárhagslega. Sparisjóðirnir þurftu því á aðkomu kröfuhafa að halda til að fjárhagsleg endurskipulagning þeirra væri möguleg.

Seðlabanki Íslands varð helsti kröfuhafi sparisjóðanna við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 17.

apríl 2009. Þá fékk Seðlabankinn kröfurnar sem endurgjald þegar honum var gert að taka yfir innlán sparisjóða hjá Sparisjóðabankanum við fall hans.

Í samráði við fjármálaráðuneytið var sparisjóðum boðið að semja um uppgjör á skuldum sínum við Seðlabankann að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í kjölfarið hófu sparisjóðirnir að vinna að tillögum um fjárhagslega endurskipulagningu og voru þær kynntar Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu. Í kjölfarið samþykkti Fjármálaeftirlitið að sparisjóðirnir gengju til endanlegra samninga við ræðna við

Seðlabanka Íslands og aðra kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu, enda væri kröfum eftirlitsins fullnægt. Þá samþykkti ESA endurskipulagningaráform ríkisins og Seðlabankans fyrir fimm sparisjóði í júní 2010.

Seðlabankinn segist hafa leitast við að tryggja virði þeirra krafna sem hann fékk í hendur sem endurgjald innlána. Engu að síður verði endurheimtur krafna á sparisjóðina mun lægri en fjárhæð yfirtekinna innlána. Nemi niðurfellingar krafna alls 4564 milljónum króna en til fullnustu krafna fengust hins vegar 3982 milljónir. Þar af eru 1735 mill-

jónir í stofnfjárbréfum, 450 milljónir í víkjandi lánnum, 1184 milljónir í sammingsbundnum lánnum og 613 milljónir í reiðufé.

Sparisjóðirnir sem áður uppfylltu ekki skilyrði um lágmark eigin fjár hafa dregið til baka umsókn um stofnfjárframlag frá íslenska ríkinu. Við endurskipulagninguna eignaðist Seðlabankinn stóran hluta stofnfjár í sparisjóðunum en stofnfjárhlutirnir hafa verið framseldir til Bankasýslu ríkisins sem fer með eignarhaldið fyrir hönd ríkisins.

Sjálfstætt reknir sparisjóðir voru 20 talsins fyrir fall bankanna haustið 2008 en nú eru þeir 10.

Efla ferðaþjónustuna við Djúp

Félagarnir Reimar Vilmundarson og Sigurður Hjartarson í Bolungarvík hafa stofnað ferðaþjónustufélagið Kollsá ehf. Markmið félagsins er að efla ferðaþjónustu við Ísafjarðardjúp. Hafa þeir fest kaup á bát frá Stykkishólmi sem ætlunin er að nota til þess brúks. Ætlunin er að geta boðið upp á ýmsar ferðir s.s. hvalaskoðun, sjóstöng auk annarra ferða. Einnig vilja þeir bæta þjónustu við sumarbústaðaeygndur á svæðinu en eftirspurn eftir bát sem getur sinnt þeim hefur aukist mikið. Í bátnum verður væntanlega gott pláss fyrir 12-15 farþega og einnig gott farangursrými. Fyrirhugað er að koma bátnum í breytingar á Siglufjörð þar sem honum verður breytt lítilllega til hagræðis fyrir farþega hvort sem verður í sjóstöng eða til ferðalaga. Áætlað er að báturinn verði tilbúinn til ferða á



Félagarnir hafa keypt bát frá Stykkishólmi. Mynd:freymis.is.

vormánuðum. „Aðdragandinn að þessum kaupum, og þessari samvinnu okkar, er margþættur í rauninni. Við höfum tekið eftir því að það vantar bát hér við Djúpið, sem getur boðið upp á sjóstangveiði, með

reyndum skipstjóra. Einnig er hvalaskoðun fyllilega inn í myndinni, þar sem talsvert er um hvali af ýmsum tegundum í Djúpinu. Trússferðir eru að verða algengari, þar sem fólk vill ganga „léttvopnað“ milli

staða og láta síðan ferja farangurinn að og frá náttstöðum, þessi bátur yrði mjög heppilegur til þeirra hluta,“ segir Sigurður á vef sínum, bjarnarnes.is. – thelma@bb.is



14,48% útsvar í Súðavík

Sveitarstjórn Súðavíkur-hrepps hefur samþykkt að hækka útsvarsprósentu hreppsins fyrir árið 2011. Samþykkt var á fundi í nóvember að útsvarið yrði 13,28%. Vegna tilfærslu á málefnum fatlaðra frá frí til sveitarfélaga er sveitarfélögum heimilt að hækka útsvarsprósentuna um 1,2%.

Tekjuskattshlutfall lækkar um sama hlutfall. „Sveitarstjórn er sammála um að nýta umrædda heimild og verður útsvarið því 14,48%, á árinu 2011,“ segir í fundarbókun.

Júlíus og Páll slá met í aflaverðmæti

Togararnir Júlíus Geirmundsson ÍS 270 og Páll Pálsson ÍS 102, sem báðir eru í eigu Hraðfrystihússins Gunnvarar, slóu nýtt met í aflaverðmæti á síðasta ári. Páll Pálsson kom með 4.445 tonn að landi og var verðmæti aflans 987 milljónir króna. Þetta er umtalsverð aukning frá árinu 2009 þegar aflaverðmætið var 790 milljónir króna, en hins vegar var aflinn einungis sjö tonnum meiri í ár miðað við árið 2009. Afli frystitogarans Júlíusar Geirmundssonar var 3.716 tonn á árinu að verðmæti 1.323 milljónir króna eða 47 milljónum meira verðmæti en á síðasta ári þó svo aflinn hafi

verið 217 tonnum minni í ár en í fyrra.

„Árið var merkilegt m.a. vegna markrífveida, en ef ekki hefði komið til þeirra hefðum við þurft að stoppa Júlíus í mánuð,“ segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri HG. „Júlíus veiddi markríf fyrir um 100 milljónir króna og af þeim greiddi útgerðin um 40 milljónir í laun og launatengd gjöld. Árið var líka gott hjá Stefni þó ekki hafi nein met verið slegin, en aflinn var 2.850 tonn að verðmæti 707 milljónir króna. Stefnir og Páll voru hvor um sig frá veiðum í um 5 vikur í sumar, þar af fóru 2 vikur í slipp en restin af

stoppinu var vegna skorts á aflaheimildum,“ segir Sverrir, sem sér blikur á lofti á nýju ári.

„Allur sjávarútvegur landsins er sem lamaður vegna yfirvofandi fyrningu aflaheimilda og menn halda að sér höndum í öllum framkvæmdum. Það er óþolandi að þeir sem þölda niðurskurðinn eigi ekki að njóta þess þegar betur árar. Ef við þurfum að leigja viðbótar aflaheimildir af stjórnvöldum er ég sannfærður um að það fé sem ríkið fengi fyrir þær kæmi aldrei vestur aftur, þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað. Þetta yrði aldrei annað en einn landsbyggðaskatturinn í viðbót.“



Páll Pálsson ÍS 102.

1.226 tonna byggðakvóti

Byggðakvóti fiskveiðisársins 2010/2011 á Vestfjörðum er 1.226 tonn. Heildarúthlutunin jókst um rúm 17% frá fyrra ári og nemur nú um 4.564 tonnum. Samkvæmt því fer ríflega fjórðungur byggðakvótans til Vestfjarða. Til viðbótar koma 972 tonn sem ekki nýttust við fyrri úthlutun og eru yfirfærarleg samkvæmt nýjum reglum. Alls fara því 5.536 tonn til úthlutunar á byggðakvóta til smærri byggðarlaga í landinu. Með þessu nýtir

ráðherra til fulls allar þær aflheimildir sem svigrúm er til innan laga um stjórn fiskveiða. Eins og greint hefur verið frá hér í blaðinu fær Flateyri mest úthlutað eða 300 tonnum, sem er hámarks úthlutun sem byggðarlag getur fengið og var fékk Flateyri eitt byggðarlag svo háa úthlutun.

Á Vestfjörðum fær Tálknafjarðarhreppur næst mest eða 182 tonn og Súðavíkurreppur fær 150 tonn. Byggðakvótanum er úthlutað

til byggðarlaga en ekki sveitarfélaga og því skiptist úthlutun Ísafjarðarbæjar á fimm byggðakjarna. Heildarúthlutun til Ísafjarðarbæjar nemur 459 tonnum. Eins og að framan greinir fara 300 tonn til Flateyrar, 16 tonn fara til Hnífsdals, 85 tonn til Þingeyrar og 58 tonn til Suðureyrar. Ekkert kemur til úthlutunar á Ísafirði. Úthlutunin í Vesturbbyggð er 186 tonn og þar af fara 32 tonn til Patreksfjarðar og 133 tonn á Bíldudal.



Tólf voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum. [mbl.is/Eggert Jóhannesson](http://mbl.is/Eggert).

Jóna Valgerður sæmd fálkaorðunni

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrrverandi sveitarstjóri, oddviti og alþingismaður í Reykhólahreppi hlaut riddarakross fyrir framlag til félagsmála á landsbyggðinni. Forseti sæmdi tólf Íslendinga riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega

athöfn á Bessastöðum á nýársdag. Fálkaorðan var sett á stofn sumarið 1921. Kristján konungur X. kom til Íslands og var þá gefið út konungsbréf um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu, undirritað í Reykjavík 3. júlí 1921.

Konungur Íslands var fyrsti

stórmeistari fálkaorðunnar, en með stofnun Lýðveldisins árið 1944 verður forseti Íslands stórmeistari. Sérstök nefnd, ræður málefnum orðunnar og gerir tillögur til stórmeistarar um hverja skuli sæma henni.

– thelma@bb.is



Trébátur sökk í Ísafjarðarhöfn

Trébáturinn Guðný sökk í Ísafjarðarhöfn á sunnudag. Eigandi bátsins náði að rétta bátinn samdægurs en Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir hafnarstarfsmenn verði að ná bátinum upp með einhverjum ráðum ef eigandi hans nær því ekki. „Þetta er bara gamall trebátur. Eins og víða er ástatt í höfnum landsins er mikið af svona fleytum sem eru löngu orðnar ónýtar og eru ekkert í rekstri. Þær grotna bara í höfnum landsins. Þetta er eitt af þeim skipum,“ segir Guðmundur í samtali við DV.

Spurningin

Hvernig leggst árið 2011 í þig?

Alls svöruðu 476.
Vel sögðu 342 eða 72%
Ílla sögðu 134 eða 28%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Ákveðin norðaustanátt. Snjócoma eða él um austanvert landið og él norðvestantil, en úrkomu-lítið suðvestanlands. Dregur úr frosti. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir norðlæga átt með éljum norðan- og Austanlands.

Kalt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir norðlæga átt með éljum norðan- og Austanlands. Kalt í veðri.

Ritstjórnargrein

Hvað slær klukkan

Bæjarins besta fagnar nýju ári og á þá helstu ósk öllum Íslendingum til handa, að samstaða takist um að vinna sig út úr erfiðleikum sem við blasa og augljóst er að ekki verður unninn sigur á nema með samhentum átaki; langvinnu verkefni, sem snýst um breytingar á samfélaginu til að þeir sem landið erfa geti borið höfuðið hátt, stoltir af þjóðerni sínu.

Bæjarins besta hefur ekki legið á þeirri skoðun að til að ná Vestfjörðum upp úr öldudalnum séu smáskammta lækningar of seinvirkar. Til að snúa dæminu við þurfi stóra og fljótvirka innspýingu í atvinnulífið, eitthvað sem stuðlar að fjölgun starfa til framtíðar.

Vestfirðingar hafa lítið látið til sín taka í kapphlaupinu um stór-íðju ef undanskilin er umræðan um olíuhreinsistöð fyrir um þremur árum, þar sem þeim var ráðlagt að losa sig við slíkan þankagang, halda sig við hreinleika íslenskrar náttúru, væntanlega til sýnis túristum sem íbúar eina landshlutans sem ekki væri búið að leggja undir álver. Niðurstöður athugana um hugsanleg áhrif stóriðju á náttúruvar og samfélag á Vestfjörðum höfðu þó leitt í ljós að engar verulegar hindranir væru í vegi fyrir því að hér rísi stóriðja í einhverju formi.

Þegar í ljós kom að Vestfirðir voru ekki á Íslandskorti viðskiptaráðherra sitjandi ríkisstjórnar í byrjun aldarinnar, gripu sveitarfélögin á Vestfjörðum til þess ráðs að semja eigin byggðaáætlun. Á forsiðu áætl-

unarinnar, sem kunngjörð var í mars 2002, var eftirfarandi tilvitnun í eitt ljóða Guðmundar Inga Kristjánssonar: „Nú skal fagna nýju vegi, nýrri sókn með hverjum degi, láta vesturfirði fá, frama þann sem völ er á.“ Byggðaáætlunin markaði tímamót: Þegar ríkisvaldið sniðgekk Vestfirðinga, tóku þeir frumkvæðið í sínar hendur.

Þegar BB gerði upp árið 2007 voru dregin fram verkefni, sem gætu varðað hag vestfirskra byggða miklu, svo sem „Alþjóðleg rannsóknarstofnun á sviði jarðkerfisfræða“ og þingsályktunartillögu um „Miðstöð þjónustu við Austur-Grænland,“ sem samþykkt var einróma á Alþingi 17. mars 2007. Að ekki sé nú talað um að Vestfirðingar verði virtir viðlíts í umræðunni um staðsetningu umskipunarhafnar fyrir norðurslóðasiglingar, þegar þar að kemur; nokkuð, sem gæti reynst ígildi stóriðju fyrir fjórðunginn. Svo furðulegt sem það er hefur verið reynt að ýta Vestfirðingum frá borðinu í þessu stóra hagsmunamáli.

Þótt hart sé í ári mega mál af þessu tagi ekki falla í gleymsku. Hvað Vestfirðinga varðar eru þau þýðingarmeiri en hvenær klukkan hringir til að vekja skólabörnin. Hafi þingmenn (okkar) áhyggjur af morgunskyfju unglínganna verða þeir að finna önnur ráð til lausnar þeim vanda, en að hringla með klukkuna, algerlega að tilefnislausu. Þeir hljóta að hafa þarfari verkefnum að sinna.

– s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Abyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöliverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



RAFSKAUT ehf

Suðurtanga 7 · 400 Ísafirði
Sími 456 4742 · Fax 456 4743

Rafskaut ehf., á Ísafirði óskar eftir að ráða grafískan hönnuð, saumakonu (mann), verkamann og vélamann til að sinna fjölbreyttum störfum á vegum fyrirtækisins og dótturfélaga. Um framtíðarstarf er að ræða fyrir góða starfsmenn.

Helstu verkefni sem liggja fyrir eru:

Lagfæra og aðlaga húsnæði félagsins.

Læra á framleiðsluferli Fánaverksmiðjunnar og í kjölfarið að taka verksmiðjuna niður.

Setja verksmiðjuna aftur upp á Ísafirði og koma starfseminni í gang og reka hana.

Læra á framleiðsluferli vatnsskurðarvélar, hanna og koma nýrri framleiðslu í gang.

Innflutnings-, sölu- og markaðsmál.

Grafískur hönnuður í Fánasmiðjuna

Starfssvið:

Framkvæmdastjórn.
Hönnun og samhæfing á forritun.
Margskonar prentun.

Menntun- og hæfniskröfur:

Kunnátta á teikniforritum t.d. Vektor og fl.
Þekking og reynsla á markaðsmálum.
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
Góðir samskiptahæfileikar.

Saumakona eða maður í Fánasmiðjuna

Starfssvið:

Almenn saumavinna.
Þökkun, afgreiðsla og prentun.
Þvottur og þrif.

Menntun- og hæfniskröfur:

Starfsreynsla.
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
Góðir samskiptahæfileikar.
Kostur að hafa góða tölvukunnáttu.

Verkamaður í Fánasmiðjuna

Starfssvið:

Rekstur og viðhald véla og tækja.
Prentun og afgreiðsla.
Almennir snúningar.

Menntun- og hæfniskröfur:

Ekki gerð krafa um iðnmenntun.
Kostur að hafa góða tölvukunnáttu.
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
Góðir samskiptahæfileikar.



Vélamaður

Starfssvið:

Rekstur og viðhald véla og tækja.
Hönnun og markaðssetning vöru og þjónustu.
Vinna við vatnsskurðarvél og tengd tæki.

Menntun- og hæfniskröfur:

Reynsla af viðhaldi og rekstri tækja.
Kostur að hafa tölvukunnáttu.
Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
Góðir samskiptahæfileikar.

Rafskaut ehf., er 13 ára rafverktakafyrirtæki sem tekur að sér stærri og smærri verkefni hérlendis sem erlendis. Einnig er stór þáttur hjá því hönnun, eftirlit og teikningar á rafkerfum í hús, skip og verksmiðjur. Það er samstilltur hópur sem vinnur hjá fyrirtækinu og meirihluti starfsmanna hefur verið frá upphafi. Við höfum að leiðarljósi umhverfis- og öryggismál á vinnusvæði. Nú erum við að flytja Fánaverksmiðju til Ísafjarðar og vantar dugmikið og ferskt starfsfólk í lið með okkur til að gera það vel og myndarlega. Einnig erum við að fara á nýjar brautir í framleiðslu og þjónustu, þar sem tækifærin eru óþrjótandi og vantar til að byrja með einn dugmikinn starfsmann í lið með okkur við það.

Upplýsingar um fyrirtækið er hægt að nálgast á www.rafskaut.is. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðunni www.rafskaut.is. Einnig er hægt að fá eyðublöð á skrifstofu félagsins. Pangað er síðan hægt að skila inn umsóknum eða á póstfangið rafskaut@rafskaut.is.

Umsóknarfrestur er til 14. janúar 2011.

Hjónin Janusz Frach og Iwona Frach komu til Ísafjarðar frá Kraká í Póllandi fyrir sextán árum síðan. Þá ætluðu þau að dveljast í ár. Síðan hafa þau eignast þrjá drengi, þá Maksymilian Harald, Mikolaj Ólaf og Nikodem Július, og eru hvergi á förum.

Fjölskyldan er öll á kafi í tónlist, svo ekki sé tekið dýpra í árinni. Janusz er fiðluleikari en Iwona píanóleikari og bæði kenna þau við við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Synir þeirra þrír hafa svo allir vakið athygli fyrir tónlistarhæfileika sína. Mikolaj, sem er 10 ára, lenti til dæmis í öðru sæti í Chopin-tónlistarkeppni á landsvísi í nóvember. Hann var næstýngsti keppandinn. Yngstur var aftur á móti litli bróðir hans, Nikodem, sem er 8 ára. Maksymilian, 14 ára, leikur með Ungfónú og áformar tónleikaferð um Vestfirði eftir áramót, þar sem hann mun leika Árstíðir Vivaldi fyrir skólabörn vítt og breitt um landshlutann.

Janusz og Iwona segja hér frá tónlistinni, íþróttunum, kostunum sem fylgja því að búa á Ísafirði, aðdáuninni á íslensku súkkulaði og pólskum jólasíðum.

Hrifust af landslaginu

Þegar blaðamaður ber að dyrum hjá hjónunum á Fjarðarstræti gengur hjómislegt á. Janusz og Iwona eru heima í tveggja tíma pásu eftir æfingar dagsins áður en þau halda aftur út til að vera viðstödd jólatónleika skólans síðar sama kvöld. Að morgni liggur leið þeirra svo suður heiðar og þaðan áfram til Kraká, þar sem þau verja jólnum alltaf í faðmi fjölskyldu og vina. Þrátt fyrir það gefur fjölskyldan sér tíma til að safnast saman í stofunni á dimmu desemberkvöldi yfir kaffi og Nóakonfekt, til að fræða blaðamann um tónlistarástríðuna og allt hitt sem þau taka sér fyrir hendur.

„Við komum til Íslands árið 1994 og ætluðum bara að vera hérna í ár. Í lok ársins keyptum við lítinn og lélegan bíl til að fara hringinn og skoða okkur um. Okkur fannst landið og landslagið svo fallett að við vildum vera áfram, í stað þess að snúa aftur til Póllands,“ segir Janusz af komu þeirra til landsins.

Hann og Iwona eru bæði fædd í Kraká í Póllandi og voru á þessum tíma bæði í góðu starfi þar. „Það var mjög erfitt að taka þessa ákvörðun,“ segir Iwona. „Janusz var að spila með Sinfóníuhljóm-sveitinni í Kraká, þar sem hann var mjög ánægður, og ég var að kenna í tónlistarmenntaskóla fyrir framúrskarandi nemendur,“ útskýrir hún.

Fimm sekúndna ákvörðun

Hugmyndin um að halda til

Ísafjarðar kom í raun frá vinafólki þeirra í Kraká, sem hafði sjálft komið til kennslu í bænum. „Þau sögðu okkur svo að það vantaði kennara hingað og við komum gagngert í þeim tilgangi, að kenna,“ útskýrir Janusz, sem man vel eftir deginum sem sú örlagaríka ákvörðun var tekin. „Ég var á æfingu með Sinfóníuhljóm-sveitinni og í hléi frá æfingum spurði hún mig – „Janusz, viltu fara til Íslands?“ Ég hugsaði mig um í svona fimm sekúndur og sagði svo, „Já, allt í lagi!“ Og nú erum við búin að vera hér í sextán ár,“ segir Janusz og hlær við.

Þau Iwona fengu því bæði leyfi frá störfum í eitt ár. Eftir að hafa framlengt það leyfi um ár og ár í senn var hins vegar að því komið að taka ákvörðun til frambúðar. „Eftir svona þrjú ár hérna ákváðum við að vera áfram, það gekk ekki að vera alltaf að fá lengra og lengra leyfi,“ segir Janusz. Þeim hjónum líður enda mjög vel á Ísafirði.

„Þetta er frábær staður til að vera með fjölskyldu á. Það er stutt í allt og strákarnir geta farið margt sjálfir. Þetta er miklu frjálssara líf en í borg,“ segir Iwona.

„Lífið er líka miklu rólegra, nema kannski í desember og maí þegar það er svona mikið af tónleikum hjá okkur,“ segir Janusz og brosir við. „Alls staðar annars staðar í Evrópu, sama hvort það er í Kraká eða annarri borg, eru allir alltaf að flýta sér. Það er svo mikið stress,“ bendir hann á.

Tónlistin alltaf í fyrsta sæti

Iwona og Janusz eru bæði fædd og uppalin í Kraká og þar býr öll fjölskylda þeirra, fyrir utan systur Iwonu sem er búsett í Stokkhólmi. Þau hófu bæði tónlistarnám ung að árum og segjast hvorugt hafa getað hugsað sér að leggja nokkuð annað fyrir sig.

„Ég byrjaði í tónlistarskóla þegar ég var sex eða sjö ára. Ég byrjaði að læra á píanó. Ég veit ekki alveg hvaðan hugmyndin kom um að halda áfram að læra tónlist, og þá á fiðlu,“ segir Janusz. „Pabbi minn vill meina að hún hafi komið frá mér. Ég man það reyndar mjög skýrt að hann spurði mig hvaða hljóðfæri ég vildi læra á, en ég hef ekki hugmynd um af hverju ég sagði fiðla. Það var að minnsta kosti ekki frá honum komið,“ segir hann. Iwona hóf tónlistarnám sitt á svipuðum aldri og hefur spilað á píanó frá upphafi.

Aðspurð segjast þau aldrei hafa hugsað um aðra starfsgrein en tónlist. „Ég var reyndar líka að hugsa um dans, ballett, en tónlistin var alltaf í fyrsta sæti,“ segir Iwona.

Þau koma hins vegar hvorugt úr miklu tónlistarumhverfi. „Ég held að það sé hreinlega enginn í fjölskyldum okkar sem er í tón-



Tónlistin á

list, að minnsta kosti ekki í atvinnumennsku,“ segir Janusz, og Iwona skýtur inn í, „Að vísu spilaði afi minn á fiðlu og harmonikk, en það var bara af því að hann hafði gaman af því að spila. Hann var alveg sjálfærður.“

Kynntust í samspili

Tónlistarnám í Póllandi er með töluvert öðrum hætti en tónlistarnám á Íslandi. Þar hefja börn sex ára langt nám í tónlistarskóla um sjö ára aldurinn. Að því loknu taka við önnur sex ár í tónlistarmenntaskóla. Þá er haldið í tónlistarakademíu, sem er tónlistarskóli á háskólastigi. Það var í tónlistarakademíunni sem Iwona og Janusz kynntust.

„Ég átti þá að fara í próf í undirleik,“ útskýrir Iwona. „Mig vantaði einhvern að spila með og ég vissi að Janusz væri mjög góður fiðluleikari, svo ég bað hann að spila með mér. Svo náðum við svona vel saman,“ segir hún og

brosir.

Janusz segir það hins vegar ekki skipta öllu máli að nemendur hefji tónlistarnám mjög ungir að árum. „Í dag byrja krakkar oft miklu fyrr að spila á hljóðfæri, kannski bara fjögurra ára. Ég er ekki viss um að það sé endilega betra. Það skiptir ekki öllu máli hvenær maður byrjar, margir byrja mun seinna og verða mjög færir. Það er ekki heldur hægt að segja að ef maður byrji ungur verði maður endilega mjög góður. Það er alveg eins hægt að byrja tíu eða tólf ára,“ segir Janusz.

Þau Iwona eru sammála um að þau ólíku námskerfi sem notast sé við í löndunum tveimur, Póllandi og Íslandi, hafi bæði sína kosti.

Meiri leikur á Íslandi

„Krakkar hérna á Ísafirði eru í tónlistarskóla bara af því að þeim finnst það gaman. Þau skipta oft

um hljóðfæri – byrja kannski á blokkflautu og fara svo seinna á píanó eða eitthvað annað. Mér finnst það mjög gott, að þau fái tækifæri til að prófa sig áfram. Hér er námið mun meiri leikur,“ segir Janusz og Iwona samsinnir. „Nemendurnir hér gera jafn mikið og þau vilja og geta,“ bætir hún við.

„Það er heldur ekki jafn mikið stress og mikil pressa á þau að taka próf, sem mér finnst vera gott. Hér er tónlist fyrir alla. Í Póllandi er þetta allt öðruvísi, þar eru inntökupróf í skólana, þar sem bara bestu nemendurnir komast áfram,“ útskýrir Janusz.

„Þar eru tvö próf á hverju ári, eitt í desember og eitt í maí,“ segir Iwona. „Ef nemendur æfa sig ekki mega þau ekki halda áfram námi. Hérna taka krakkar hins vegar bara próf þegar þau eru tilbúin til þess. Ef þau eru ekki tilbúin taka þau ekki prófið! Ef einhver nemandi er



Alltaf í fyrsta sæti

hins vegar mjög duglegur, æfir sig mikið og vill læra mikið, þá getur hann það.“

„Það finnst mér líka kostur,“ segir Janusz. „Hér á Ísafirði eru mjög góðir kennarar. Allir nemendur fá sitt tækifæri og kennslu sem hentar þeim. Ég hef samt hugsað um það að það væri kannski best ef það væri hægt að nota bæði kerfin – þannig að námið væri skemmtilegra fyrir krakkana, eins og hérna, en kannski líka aðeins meira „professional“, eins og úti. En ég veit ekki hvort það er hægt,“ segir hann og brosir.

Synfónía heima við

Synir þeirra Januszar og Iwonu hafa vakið mikla athygli bæði á Ísafirði og á landsvísu fyrir tónlistarhæfileika sína. Maksymilian spilar á fiðlu og píanó, Mikalaj leikur á píanó en hafði áður spilað dálítið á selló líka. Niko-

dem spilar hins vegar á fiðlu, á píanó og syngur líka. Sú staðreynd að þeir séu allir í tónlistarnámi getur hins vegar valdið ákveðinni streitu á heimilinu.

„Ég vil nú ekki segja að það sé slæmt, en stundum er mjög erfitt fyrir okkur að hlusta á tónlist allan daginn!“ segir Janusz glettinn. „Við kennum allan daginn og þegar við komum heim er svo líka alltaf einhver að spila. Þetta er sko alls ekki búið. Það er oft einhver að spila í öllum þremur herbergjunum. Þetta er stundum eins og synfónía – maður verður svolítið þreyttur,“ segir hann og hlær við. Það er því ekki mikið um samspil heima á Fjarðarstræti.

„Það er kannski mest hjá Maksymilian og Iwonu, þegar hún spilar undir hjá honum. En það er kannski meira um samsöng hjá okkur, við erum dugleg að syngja saman,“ segir Janusz. „En svona er tónlistarnám – mað-

ur nær ekki árangri nema maður æfi sig heima,“ bætir hann við.

Metnaðarfullir bræður

Og árangri hafa bræðurnir svo sannarlega náð. Sem áður sagði lenti Mikolaj í öðru sæti í Chopinkeppni sem haldin var á vegum Aðalræðisskrifstofu Póllands í Reykjavík í lok nóvember. Keppt var í þremur greinum; píanóleik, kammertónlist og söng. Nikodem, yngri bróðir hans, keppti í söng og sá Mikolaj þá um undirleikinn. Sem einn af þeim keppendum sem komust í úrslit lék hann svo á tónleikum í Salnum í Kópavogi í síðustu viku.

Maksymilian, sem er elstur bræðranna, komst sjálfur í úrslit í pólskri tónlistarkeppni í Reykjavík þegar hann var tju ára gamall. „Hún var líka opin fyrir alla nemendur á Íslandi,“ útskýrir hann. Aðspurðir hvort þeir verði ekkert taugaóstyrkir í slíkum keppnum

kinka yngri bræðurnir kolli og Maksymilian er á sama máli. „Jú, mjög!“ segir hann og hlær.

„Það á að vera þannig – maður verður að vera þínkulítið stressaður, en bara ekki þannig að það trufla tónlistarflutninginn. Það verða það allir, bæði ungir tónlistarnemendur og frægir tónlistarmenn,“ segir Janusz.

Spilar Vivaldi í skólunum

Maksymilian er þessa dagana að undirbúa afar spennandi verkefni fyrir næstu mánuði, með aðstoð foreldra sinna. „Tónlistarskólinn fékk styrk upp á 200 þúsund krónur frá Menningarráði Vestfjarða,“ segir hann frá. „Ég ætla að reyna að fá með mér hljóðfæraleikara frá Reykjavík og spila Árstíðir Vivaldis hérna á Ísafirði í febrúar eða mars, og fara svo um Vestfirði og spila fyrir skólakrakka,“ útskýrir hann.

„Hann ætlar að taka lokapróf á næsta ári og þessir tónleikar verða hluti af því,“ útskýrir Janusz. „Þetta er stórt verkefni og hann þarf að vera mjög duglegur næstu mánuði,“ bætir hann við og brosir til sonar síns. Þegar blaðamaður spyr hvort hann fái þá ekkert jólafrí skellir fjölskyldan upp úr.

„Það er nú alltaf þannig með tónlistarmenn – fiðlan fer alltaf með, hvert sem við förum,“ segir Janusz og brosir. „Við tókum fiðlurnar með okkur út um jól og sumur. Mig langar að æfa mig daglega, en það gengur ekki alveg – það þarf líka að elda mat og taka til og svona. Og á sumrin er svolítið erfitt að vera inni með fiðluna þegar það er fallett veður,“ segir hann og kímir.

Fær frábæra reynslu

Maksymilian leikur nú með Ungfónú, ungsveit Sinfóníu-

hljómsveitar Íslands annað árið í röð, nokkuð sem Janusz segir vera mjög góða og eftirsóknarverða reynslu.

„Mér finnst þetta alveg frábær hugmynd. Það er svo gott fyrir unga tónlistarmenn að fá að prófa að spila í sinfóníuhljómsveit, með venjulegum stjórnanda og allt. Og það er krefjandi verkefni, þau flytja mjög erfið verk,“ segir Janusz.

„Ég fékk ekki svona tækifæri sjálfur. Þegar ég var í menntaskólanum lék ég með hljómsveit, og líka í háskólanum, en það var allt annar hlutur. Ég man líka að ég var alveg dauðstressaður þegar ég tók inntökuprófið í Sinfóníuhljómsveitina í Kraká,“ segir hann brosandi.

Maksymilian er eini nemandinn frá Ísafirði sem leikur með Ungfónú, og það er meira en að segja það að stunda æfingar með sveitinni. „Það er erfitt fyrir krakka sem búa ekki í Reykjavík. Hann má ekki missa af æfingum, svo það er alveg heil vika sem hann þarf að búa í Reykjavík og mæta á hverju kvöldi,“ segir Janusz.

Flytja pólska þjóðlagatónlist

Fyrir utan tónlistarnám sitt hafa strákarnir einni komið fram og flutt pólska þjóðlög og sýnt pólska dansa í mörg ár, bæði á Ísafirði og í Reykjavík og nú síðast á Ljósanótt í Reykjanesbæ.

„Þeir eru allir þrír söngvarar líka. Nikodem var bara þriggja ára þegar hann byrjaði að syngja,“ segir Iwona, sem sér um undirleik fyrir syni sína. „Því miður eru ekki margir hópar sem sýna þjóðdansa frá Póllandi. Ég held að það séum bara við sem sýnum pólska þjóðtónlist á Íslandi.“

Strákarnir klæðast þá pólskum þjóðbúningum, sem fjölskyldan þurfti að hafa töluvert fyrir að finna til. „Þegar við byrjuðum á þessu voru það ekki æfingarnar á tónlistinni og dansinum sem voru erfiðar, heldur að safna þessum búningum,“ segir Janusz. „Þjóðbúningar kosta mjög mikið núna og það er líka erfitt að verða sér úti um þá. Það er eins og með þá íslensku, það eru ekki margir sem búa þá til lengur,“ bætir hann við.

„Núna eigum við tvær tegundir,“ segir Maksymilian. „Í Póllandi eru nefnilega til mismunandi tegundir af búningum, eftir héruðum. Við eigum bæði búninga frá Kraká og úr fjallahéraði,“ útskýrir hann.

Eins og gefur að skilja eru strákarnir orðnir mjög færir í að flytja pólsku þjóðlög og dansana. Janusz bendir hins vegar á að það hjálpi auðvitað mikið að hafa spilað klassíska tónlist. „Þjóðlega pólska tónlistin og sú klassíska eru eiginlega sama tónlist, tengingin þar á milli er mjög sterk. Mazurka og Pólónesa eru pólskir dansar, og Chopin samdi

mjög marga svona dansa.“

Tónlistarnám er líkamleg áreynsla

Auk þess að stunda tónlistarnámið af kappi eru þeir Maksymilian, Mikolaj og Nikodem einnig á kafi í íþróttum. „Já, því miður eru þeir víst góðir í þeim líka,“ segir Janusz og hlær við.

Hann segir íþróttaiðkun strákanna upphaflega komið til af því að þeim Iwonu fyndist mikilvægt að styrkja líkamann, þar sem tónlistarnám getur verið heilmikið líkamlegt álag.

„Þeir fóru þá fyrst í sund og svo hafa þeir líka verið á gönguskiðum. Ég sé það vel að þetta hjálpar mikið – maður þarf að vera líkamlega sterkur ef maður ætlar að sitja við píanóð eða standa með fiðlu í tvo til fjóra klukkutíma á dag. Ef fólk vill æfa mikið þarf það að vera í góðu formi,“ segir Janusz.

Hann stundaði sjálfur íþróttir á borð við fótbolta og körfubolta af kappi á sínum yngri árum. „Ég var nú ekki mikið í sundi eða á skíðum, það voru fá tækifæri til þess í Kraká! Núna skil ég hins vegar hvað það hefur skipt miklu máli, að vera í einhverri hreyfingu líka og stunda íþróttir. Það snýst ekki bara um hreyfinguna, heldur líka um hvernig maður hugsar. Að undirbúa sig fyrir sundmót er mjög svipað og að fara á svið og spila konsert – það er sama einbeitingin,“ segir hann.

Bræðurnir eru hins vegar langt því frá einu nemendur Tónlistarskóla Ísafjarðar sem leggja stund á íþróttir samhliða náminu. „Ég hugsa að það séu yfir áttatíu prósent! Þegar skólaárið byrjar þurfum við þess vegna líka að liggja yfir stundatöflum fyrir sundið og fótboltann og ballettinn og allt mögulegt. Það þarf að finna leið til að púsla þessu öllu saman, sem getur verið svolítið erfitt,“ segir Janusz og brosir.

Lítill tími aflögu

Bræðurnir hafa þó aðeins minnkað við sig áhugamálin. „Við töluðum um það í fyrra að þeir yrðu eiginlega að sleppa einhverju. Það er bara ekki hægt að gera svona mikið og vilja gera það allt jafn vel. Þeir hafa þess vegna ekki verið mikið á gönguskiðunum núna, en eru ennþá duglegir í sundinu,“ segir Janusz.

Þrátt fyrir það hafa þeir þó lítinn tíma aflögu þegar heimanám, daglegar æfingar og íþróttæfingar eru að baki. „Núna erum við líka að kenna þeim pólsku herna heima, sem þeir læra aðeins í á hverjum degi. Áður var hún kenni í skólanum, en því var hætt í kreppunni,“ útskýrir Iwona.

„Algengasta vandamálið á heimilinu er líka að okkur vantar



meiri tíma – dagurinn er allt of stuttur,“ segir Janusz brosandi.

Hákarlinn allt í lagi

Frá því að Janusz og Iwona fluttust til Ísafjarðar fyrir sextán árum síðan hafa þau alltaf snúið reglulega heim til Kraká og dveljast þar á hverju sumri og yfir jólin. Þegar blaðamann bar að garði voru þau enda að undirbúa brottför sína degi síðar.

Það hefur þó ýmislegt breyst á þeim sextán árum. „Já, það er svolítið fyndið. Fyrst vorum við alltaf að kaupa eitthvað úti í Póllandi til að taka það með okkur til Íslands. Nú er það eiginlega öfugt, við kaupum frekar eitthvað hér og förum með út,“ segir Janusz. Fjölskyldan er til dæmis sammála um að íslenskt súkkulaði sé betra en það pólska og ténir upp í sig mola úr Nóakonfektskassanum á borðinu.

Þau hafa sömuleiðis fært vinum og vandamönnum íslenskar krásir til að smakka á. „Við höfum keypt harðfisk og farið með okkur út. Einu sinni fórum við líka út með hákarl. Fólki fannst það nú bara ekki mikið mál að borða hann,“ segir Janusz og brosir. „Við höfum líka farið með hvalkjöt, er það ekki?“ spyr hann svo konu sína, sem jánkur og bætir við: „Og lambalæri!“

Öðruvísi jólahald

Það er ekki úr vegi að spyrja fjölskylduna aðeins um pólskt jólahald á þessum árstíma. Ýmsar hefðir eru þar ólíkar þeim sem

við þekkjum, en Pólverjar halda hins vegar sama daginn, 24. desember, hátíðlegan. „Það er hins vegar ekki jafn mikið um undirbúning þar og hér, það er frekar beðið eftir deginum sjálfum. En um leið og það er kominn 24. desember, á miðnætti, þá byrja jólin,“ útskýrir Janusz.

„Við borðum líka jólamat um kvöldið, eins og hér. Það er beðið eftir því að fyrsta stjarnan birtist á himninum og þá er sest að borðum. Við borðum tólf rétti – jafn marga og postularnir voru. Það má ekki borða kjöt á aðfangadag, en það er í lagi að borða fisk,“ segir Iwona. „Já, við gætum til dæmis notað harðfiskinn,“ skýtur Janusz inn í og fjölskyldan hlær.

Að kvöldmatnum loknum eru sungin jólalög og á miðnætti er haldið til messu. „Þegar maður kemur í kirkjuna er hún dimm, það er ekki kveikt á ljósum, fyrir utan jólaseriur sem eru á stórum og fallegum jólatrjám. Í Póllandi er heldur ekki kór, heldur syngja bara allir kirkjugestirnir, í alveg fullri kirkju, saman. Þegar fólk byrjar að syngja kviknar svo smám saman á ljósunum,“ útskýrir Iwona.

„Þetta verða örugglega yndisleg jól, það er mikill snjór og búið að vera svo kalt í Póllandi,“ segir Janusz, sem á sér uppáhalds jólahæfð. Í Póllandi tíðkast að fjölskyldan brjóti saman þunnt brauð, sem líkist helst stórrí oblatu. Þegar brauðið er brotið óska fjölskyldumeðlimi hver öðrum hamingju og gæfu á nýju ári.

„Það taka allir þátt í þessu og margir komast við,“ segir Janusz og brosir. „Þetta eru jólin í mínum huga – þegar ég hugsa um jól hugsa ég um það þegar allir standa saman og óska hver öðrum góðs.“

Líður vel í Póllandi

Þar sem fjölskyldan hefur heimsótt heimalandið á hverju ári tala bræðurnir þrír allir góða pólsku. Aðspurð hvort þau langi ekkert að flytja til baka, eða búa þar um skeið, eru strákarnir fyrstir til að svara. „Jú, kannski,“ segir Maksymilian, á meðan Mikolaj er ákveðnari. „Mig langar til þess,“ segir hann.

Iwona kveðst ekki íhuga það á þessum tímamarki. „Ef við færum ekki svona oft út, kannski ekki nema annað hvert ár, væri örugglega erfiðara að búa hér. Svo er svo mikið að gera hjá okkur að tíminn líður hratt á milli heimsóknanna,“ segir hún.

„Ég hugsa líka stundum að þrátt fyrir að ég búi á Íslandi en bróðir minn í Kraká, sé ég kannski oftast og meira hjá foreldrum okkar en hann,“ segir Janusz og brosir. „Það er ekki alltaf fjarlægðin sem skiptir máli. Og þó að við séum bara í tvær eða þrjár vikur í Póllandi yfir jólin líður mér nánast eins og það sé jafn langur tími og sumarfríð. Við erum líka hætt að hlaupa um og reyna að gera allt og hitta alla. Fyrst var það þannig. Nú segi ég bara nei – ég verð heima,“ segir hann að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.

Rafskaut ehf., kaupir Norðurtanga- húsið og Fánasmiðjuna á Þórshöfn

Eigendur Rafskauts ehf., á Ísafirði skrifuðu fyrir áramótin undir kaupsamning á Norðurtangahúsinu á Ísafirði. Á dögunum festi Rafskaut einnig kaup á fyrirtækinu Fánasmiðjan ehf., sem staðsett er á Þórshöfn og er stærsti

fánaframleiðandinn á landinu í dag. „Við áformum að flytja verksmiðjuna í Norðurtangahúsið í mars á næsta ári og hefja framleiðslu hér á Ísafirði. Þangað til munum við reka áfram starfsemi Fánasmiðjunnar á Þórshöfn í

samstarfi við fyrri eigendur sem einnig verða okkur innan handar við uppsetningu vélbúnaðar í nýju húsnæði. Undirbúningur og endurbætur á Norðurtangahúsinu hefjast svo strax fyrstu vikuna á nýju ári,“ segir Örn Smári Gísla-

son, framkvæmdastjóri og einn eigandi Rafskauts. Hann bætir því við að kaupverð bæði hússins og prentsmiðjunnar sé trúnaðarmál en búið sé að ganga frá fjármögnun á kaupunum og uppsetningarkostnaði.

Verksmiðja Fánasmiðjunnar er töluvert umfangsmikil. Félagið hefur yfir að ráða silkiprentvél sem er sú eina á landinu sem getur prentað svokallaða stórfána. Prentsamstæðan er um 25 metrar að lengd og undanfarin ár hefur hún að jafnaði prentað um 30-40 kílómetra af fánum árlega. Aðal framleiðsluvara Fánasmiðjunnar eru fyrirtækjafánar en auk þess framleiðir prentsmiðjan silkiprentaðar fatamerkingar, útskorna límstafi og logo, ýmsar gerðir af veifum og borðum og fleira. „Við munum nota eina hæð Norðurtangahússins undir prentsmiðjuna og til að byrja með munu þrír fastir starfsmenn starfa við framleiðsluna,“ segir Örn.

Fyrsta hæð Norðurtangahússins er, að sögn Arnar Smára, um 600 fermetrar að stærð, en samtals er húsið 1.745 fermetrar. Félagsskapurinn Listakaupstaður-

inn hefur verið til húsa í Norðurtangahúsinu um nokkurt skeið og segir Örn Smári að viðræður við forsvarsmenn félagsskapsins um áframhaldandi starfsemi í húsinu séu í gangi. „Við vonum að það öfluga starf geti áfram farið fram í húsinu. Þá gerum við okkur einnig vonir um að fleiri geti nýtt sér húsnæðið enda er nóg pláss.“

Örn segir að Rafskaut hafi ákveðið að ráðast í þessi kaup að vandlega íhuguðu máli. „Eftir að hafa skoðað húsnæði á nokkrum stöðum sendum við fyrirsöfnun til bæjarstjórnar til að athuga hvort og hvernig bæjaryfirvöld væru tilbúin að koma til móts við atvinnuskapandi fjárfestingu á borð við þessa. Svör bæjarins voru mjög jákvæð sem og viðbrögð Byggingastofnunar og ætluðu þeir að vinna heimavinnuna og koma svo að málinu með jákvæðum hætti. Í framhaldinu var ákveðið að ganga frá kaupunum,“ segir Örn Smári og bætir við: „Það er mjög gaman að standa í svona uppbyggingarstarfi og lyfta sér upp úr þessu niðurdrepandi krepputali.“ –kte@bb.is



Eigendur Rafskauts áforma að hefja silkiprentun í Norðurtangahúsinu næsta vor.

Sorppressa sett upp

Pressander 50 tonna Mico-dan pressa hefur verið sett upp hjá Gámaþjónustu Vestfjarða sem ætluð er fyrir sorp sem flutt verður til eyðingar á urðunarstaðinn að Stekkjarvík í Húnavatnssýslu. „Núna erum við tilbúnir til að takast á við þær breytingar sem verða um áramótin á Ísafirði. Við erum með 2000 tonna samning við Gámaþjónustuna hf. um að flytja sorp til Stekkjarvíkur. Okkur myndi ekkert muna um að taka við sorpi fyrir bæinn

líka svo að það þyrfti ekki að kveikja upp aftur í Funa frekar en menn vilja,“ segir Ragnar Ágúst Kristjánsson, framkvæmdastjóri Gámaþjónustu Vestfjarða en fyrirtækið kemur til að flytja það sorp sem fellur til hjá þeim fyrirtækjum og sveitarfélögum sem hún þjónar. Jafnframt verður þar móttaka á endurvinnslu eina og verið hefur.

Pressan er staðsett að Kirkjubóli og eru gámar notaðir til bráðabirgða að skýla henni fyrir vindi. Hún verður tekin í notkun

um áramótin. Gámaþjónusta Vestfjarða ehf. var stofnuð á Ísafirði á haustdögum 1988 af Ragnari Ágúst Kristinssyni og eiginkonu hans Sigríði Þóru Hallsdóttur. Hvatinn að stofnun fyrirtækisins, að því er fram kemur á heimasíðu Gámaþjónustunnar, var sú mikla þörf sem stofnendunum fannst vera fyrir umbótum í umhverfismálum á norðanverðum Vestfjörðum og þá einkum hvað varðaði söfnun og flutning úrgangs.

–thelma@bb.is

Fyrstu bekkningum fækkar mikið

Árið 2009 voru 1.019 börn í grunnskóla á Vestfjörðum að því er kemur fram í skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Grunnskólanemendum hefur fækkað umtalsvert frá árinu 2004 þegar þeir voru 1.246 talsins sem jafngildir um 18% fækkun. Þrátt fyrir mikla fækkun er þróunin svipuð í öðrum landshlutum en á landinu öllu fækkaði

grunnskólanemum um 4%. Einingis í tveimur landshlutum, á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, hefur nemendum fjölgað á tímabilinu. Mest fækkaði nemendum á Norðurlandi vestra eða um 20%.

Þegar fjöldapróun í 1. bekk grunnskólans er skoðuð er þróunin Vestfjörðum ekki hagstæð. Árið 2004 hófu 135 börn nám í

grunnskólum á Vestfjörðum, sex árum síðar voru þau ekki nema 82, sem þýðir nær 40% fækkun á tímabilinu. Fjöldapróun í 1. bekk grunnskólans segir mikið um endurnýjun nemendahópsins til framtíðar og því má leiða líkum að því að nemendum í grunnskólum Vestfjarða muni halda áfram að fækka þótt íbúafjöldi í fjórðungnum standi í stað. –kte@bb.is



Fjölbýli til sölu – Tilboð óskast

Tilboð óskast í fjölbýlishúsið að Fjarðarstræti nr. 7 og 9 Ísafirði. Um er að ræða tólf þriggja herbergja íbúðir, flestar í fastri útleigu. Stærð íbúða með geymslu er frá 83 m² - 90 m². Lokuðum tilboðum skal skila inn til Fasteignasölu Vestfjarða í síðasta lagi þann 10.01.2011.

Nánari upplýsingar um málið fást hjá Fasteignasölu Vestfjarða, s. 456-3244, netfang: eignir@fsv.is, vefang: www.fsv.is



Samningur við HSV endurnýjaður

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar og Jón Páll Hreinsson, formaður Héraðssambands Vestfirðinga, skrifuðu rétt fyrir áramótun undir samstarfsamning og verkefnasamning. Samningar sem þessir hafa verið í gildi undanfarin ár og hafa vakið athygli og eftirtekt á landsvísi. Samstarfssamningurinn hljóðar alls upp á 10,2 milljónir, og felur í sér framlag bæjarins vegna skrifstofuhúsnæðis, þjálfarastyrkja, húsaleigu- og æfingastyrkja og framlög í af-

reksmannasjóð.

Verkefnasamningurinn felur í sér rekstrarstyrk frá Ísafjarðarbæ að fjárhæð 6,7 milljónir króna sem verður ráðstafað sem rekstrarframlagi til aðildarfélaganna HSV. Stjórn HSV sér um að ráðstafa rekstrarframlaginu milli félaga með tilliti til umfangs barna- og unglingsstarfs þeirra. Aðildarfélag HSV taka á móti að sér einstaka verkefni, svo sem þríf á fjörum, umsjón með golfvöllum, vinnu við Skíðavíku og 17. júní, þríf eftir áramót og fleira. – thelma@bb.is



Frá undirskriftinni. Frá vinstri: Arna Lára Jónsdóttir, Eiríkur Finnur Greipsson, Jón Páll Hreinsson og Albertína Elíasdóttir.

Efla þarf almannavarnastarf sveitarfélaga

Úrbóta er þörf í tryggingamáli um er kemur að náttúruhamförum. Upplýsa þarf íbúa og stjórnendur sveitarfélaga betur um hvað sé tryggt og hvað ekki, og um skyldur tryggingartaka. „Meira samráð þarf milli aðila innan stjórnáslunnar um tryggingaákvæðanir, mjög mikilvægt að gætt sé samræmis og samkvæmni í ákvörðunum. Bótum stundum ekki ráðstafað til viðgerða og eftir standa ónýtt hús. Þyrfti að vera hægt að skilyrða greiðslur miðað við framvindu viðgerða.

Íbúar þurfa að fá betri upplýsingar og aðstoð til að leita réttar síns.“ segir í umfjöllun Sambands íslenskra sveitarfélaga um ráðstefnu sem haldin var á dögunum um ábyrgð sveitarstjórna á náttúruhamförum.

„Íslendingar hafa þurft takast á við náttúruöflin frá upphafi byggðar og hafa því margoft sannreynt að undirbúningur og skipulag eru bestu forvarnirnar. Alls létust 34 í snjóflóðunum tveimur 1995, 14 í Súðavík 16. janúar og 20 á Flateyri 26. október, auk

þess varð gríðarlegt eignartjón. Árið 2000 og 2008 urðu stórir jarðskjálftar á Suðurlandi og mikið eignartjón. Eldgosin á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli síðasta vetur eru öllum í fersku minni,“ segir í umfjölluninni.

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Samband íslenskra sveitarfélaga stóðu fyrir ráðstefnu í tengslum við Björgun 2010. Á ráðstefnunni var fjallað um hlutverk og ábyrgð sveitarstjórna þegar náttúruhamfarir verða, nauðsynlegan viðbúnað þeirra og viðbrögð í

bráð og lengd. Hluti af ábyrgð þeirra felst í skipan almannavarnanefnda sem eiga m.a. að sjá um gerð viðbragðsáætlana til nota í almannavarnaástandi. Farið var yfir umhverfi almannavarna á Íslandi, hlutverk aðgerðaraðila og stuðning við sveitarstjórni þegar váriður yfir. Hver væru úrlausnarefnin í ljósi reynslunnar og hvernig er hægt að leysa þau?

Á ráðstefnunni kom fram að efla þarf almannavarnastarf sveitarfélaga, t.d. með sameiningu almannavarnanefnda og auknu

samstarfi milli sveitarfélaga. Mikilvægt að framkvæmdastjórnar sveitarfélaga taki þátt í störfum almannavarnanefndum og að sveitarfélög geri áhættumat og viðbragðsáætlanir eins og þeim ber lögmæt samkvæmt. Sveitarfélög ættu að nýta sér það sniðmát sem útbúið var í verkefninu um langtímaviðbrögð við náttúruhamförum. Forsætisráðuneytið þarf að koma með skipulegri og markvissari hætti inn í almannavarnamál. Jafnframt þurfa stjórnendur í héraði og íbúar að gera sér grein fyrir að það eru fyrst og fremst þeir sem þurfa að axla ábyrgð ef almannavarnaástand skapast. Það þarf að varast að treysta um of á utanaðkomandi sérfræðinga.

Þá kom einnig fram að mjög mikilvægt er í ljósi reynslunnar að hafa íbúa með við undirbúning viðbragðsáætlana og að þeir séu meðvitaðir um alvöruna á bak við æfingar. Gera þarf íbúana meðvitaðri um þeirra skyldur í forvarna- og tryggingamálum. Þörf á námskeiðum fyrir íbúa um viðbúnað og viðbrögð við almannavarnaástandi. Nýta þarf jafnframt betur reynslu annarra, t.d. sveitarfélaga sem hafa gert góðar viðbragðsáætlanir og gengið í gegnum náttúruhamfarir.

– thelma@bb.is

Nýtt ár og nýjar vonir

Stakkur skrifar

Ísland hefur alla burði til að rísa að nýju, en eitthvað tefur. Stjórnmalamenn eru ekki alveg með á nótunum. Þeir lifa í öðrum heimi. Þeir breytast við það eitt að ganga inn í Alþingishúsið við Austurvöll í hinu nýja stjórnríki Íslands, „Lýðveldinu Reykjavík“. Ef slíkar breytingar ættu sér stað í öðrum húsum væri talað um húsasótt og sérfræðingar fengnir til þess að mæla rafsegulþyngjur og finna út af hverju andrúmsloftið væri svona óhollt í húsinu. En lítið þýðir að gagnrýna stjórnmalamenn. Við kusum þá. En þó svo sé hafa þeir ekki frjálst val um flíflaskapinn. Kjósendum vilja sjá ábyrgð og þrátt fyrir allt höfðum við á þeim trú þegar atvæðið var greitt. En þeir koma sér ekki saman um nokkurn skapaðan hlut. Ekki gengur á öðru en skömmum og hnútukasti þingmanna í garð hvers annars. Þessum viljum við breyta. Tíminn er óendurkræf auðlind sem ber að nota vel. Það viljum við sjá til þingmanna að þeir noti tíma sinn vel. Þeir fara með tíma sinn í umboði okkar kjósenda.

Almenningur hefur líka áhuga á því að alþingismenn hafi og sýni í raun vilja til þess að koma góðu til leiðar í atvinnumálum. Tapast hafa 13.500 störf frá bankahruninu fyrir tveimur árum og samt eru enn í bönkunum flestir þeir starfsmenn sem tóku þátt í hrunadansinum. Bankarnir sem sóað höfðu fé sínu í þágu eigenda sinna voru reistir við fyrir fé skattgreiðenda, sem nú eru skyldaðir

til að greiða himinháa skatta. Þar þarf að endurnýja. Bankarnir standa vörð um peningina og þá sem eiga þá, ekki um almenning. Þó mátti sérfræðingum bankanna vera algerlega ljóst að lánin sem þeir otuðu með miklum þrýstingi að sauðsvörtum almúganum, myndu mörg hver greiðast seint og illa, ef nokkurn tíma, þótt ekkert viðlíka hrun hefði orðið og raun ber vitni.

Við fengum að sjá skýra mynd af ósamstöðu og ábyrgðarleysi á Alþingi fyrir jól. Þeir alþingismenn, sem vilja vel sjást sjaldan á yfirborðinu. Greinilegt er að okkur miðar afar hægt áfram, ef nokkuð, tveimur árum eftir hrun. Á þessu þarf að verða breyting líkt og því að bankar hampi ekki endalæst fyrrum eigendum sínum með ósmekkleikum hætti meðan smæstu sílin í tjörninni skulu gómuð. Aðgerðir til að gera skuldamáli Íslendinga upp hafa verið ómarkvissar og enginn greinarmunur gerður á þeim sem áttu ekkert fyrir hrun nema skuldir og þeim sem hafa misst það sem þeir áttu fyrir hrun vegna síhækkandi skulda. Í þeim efnum hafa allir brugðist, ríkisstjórn jafnt og stjórnendur bankanna, sem við skattgreiðendur eigum í raun.

Verði ekki snúið af þeirri braut þar sem fyrir hvert skref fram á við sýnist stigið annað aftur á bak er ekki ástæða til að gera sér vonir. Það merkilega er að eina fólkið sem skynjar þetta eru höfundar hinna ókræsilegu völvu- og völvuspáa í blöðum og tímaritum. Ris þjóðarinnar þarf að verða forgangsverkefni.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til leigu er 3ja herb. íbúð á 1. hæð að Stórholti 13 á Ísafirði. Stór sólpallur, sér geymsla og sameiginlegt þvotta- og þurrkherbergi. Laus strax. Uppl. í síma 868 0719 og 825 1480.

BB- smáauglýsingar. Auglýsingasíminn er 456 4560



Steingrímur Jónsson, bóndi á Efri-Engidal í Skutulsfirði.

Óttast um heilsuna

Steingrímur Jónsson, bóndi að Efri-Engidal í Skutulsfirði, óttast að áralöng reykmenngun frá sorpbrennslustöðinni Funa hafi skaðað heilsu heimilissólksins á bænum. Hann óttast jafnframt að þurfa að bregða búi vegna eitrunar í jarðvegi og á annað hundrad ára fjölskyldusögu á jörðinni ljúki þar með. „Við óttumst um okkar heilsu og lækningarnar okkar er með þetta á sinni könnu,“ segir Steingrímur í samtali við Fréttablaðið. „Við erum búin að drekka þessa menguðu mjólk alla tíð og borða kjöt af okkar skepnum. Svo höfum við andað þessu að okkur en það á auðvitað við um miklu fleiri en okkur. Það eru fyrirtæki nær sorpbrennslustöðinni en við.“

Um miðjan desember greindust þrávirkt aðskotaefni yfir leyfilegum mörkum í mjólkursýni frá

Efri-Engidal. Jörðin er í um kílómetra fjarlægð frá sorpbrennslustöðinni. Af öryggisástæðum var vinnsla mjólkur á bænum, og dreifing afurða sem rekja mátti þangað, stöðvuð að kröfu Matvælastofnunar sem fer með málið.

„Þetta er mjög alvarlegt, en við verðum að vona það besta,“ segir Steingrímur við blaðamann Fréttablaðsins. „Mér hefur aldrei litist á nágrannann en þótt mig hafi grunað að einhver mengun hlyti að vera í reyknum, sem oft fyllti dalinn, grunaði mig aldrei að þetta væri svona alvarlegt. Það er ómögulegt að vita hversu lengi þessar gufur hafa verið svona eittraðar. Ég hef líka áhyggjur af því að þurfa að bregða búi því þungmálmar setjast í jarðveg.“

Á vef Matvælastofnunar segir að einn sem um ræðir, díoxín og díoxínlik PCB-efni, séu sér-

stakt áhyggjuefni vegna áhrifa þeirra á umhverfið og heilsu almennings. Þau hafi ekki áhrif á heilsu fólks samstundis, en geti valdið vandamálum ef þau berist í líkamann í talsverðu magni yfir langt tímabil. Þau brotna hægt niður í náttúrunni og safnast þar af leiðandi upp í fituvefjum manna og dýra.

Steingrímur hefur engar upplýsingar um það hvernig honum verður bættur skaðinn ef allt fer á versta veg. Fyrst um sinn greiðir Mjólkursamsalan á Ísafirði honum fyrir þá mjólk sem hann hellir niður. Á bænum eru sautján mjólkandi kýr og sjötíu kindur. Steingrímur útilokar ekki að bústofn hans verði felldur, en bíður frekari niðurstaðna úr sýnatökum frá útlöndum sem skera úr um hversu alvarleg eitrunin er. – *thelma@bb.is*

Rekstrarkostnaður á hvern nemanda lækkar Vestfjörðum

Rekstrarkostnaður vegna hvers nemanda í grunnskólum Vestfjarða var rúmer 1,3 milljónir króna árið 2009. Kostnaðurinn lækkaði lítillega milli ára 2008 og 2009 eða um 23 þúsund krónur á hvern nemanda. Síðastliðin fimm ár hefur kostnaðurinn hins vegar aukist um 130 þúsund pr. nemanda eða um 11% sem er svipað og í öðrum landshlutum. Eins og gefur að skila er kostnaðurinn meiri á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu þar sem hann var 1,1 milljón á hvern nemanda. Á Norðurlandi vestra var kostnaðurinn 1,5 milljónir á hvern

nemanda og 1,4 milljónir á Austurlandi og á Suðurlandi. Þetta kemur fram í svonefndri skóla-skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skýrslunni segir að rekstrarkostnaður á hvern nemanda sé ein kennitala sem gjarnan sé litill til. „Hafa verður í huga að staðbundnar aðstæður og innri gerð landssvæða getur haft mikil áhrif á rekstrarkostnað vegna lögbundinnar þjónustu. Þannig er erfitt á fámennum og strjálbýlum svæðum að samnýta mannvirki og þekkingu og þar eru minni og óhagkvæmari rekstrareiningar en

í fjölmennari sveitarfélögum,“ segir í skýrslunni.

Þegar rekstrarútgjöld vegna grunnskóla eru skoðuð sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaganna koma Vestfirðir nokkuð vel út, þ.e. þrátt fyrir smæð sveitarfélaganna og strjálbýli er hlutfallið ívið lægra á Vestfjörðum en víðast annars staðar. Árið 2009 var hlutfallið á Vestfjörðum 35% en fyrir landið allt var það 36%. Aðeins í Reykjavík er hlutfallið lægra en á Vestfjörðum eða 33%, en í öllum öðrum landshlutum er það hærra.

– *kte@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUS STÖRF Á SKÓLA- OG FJÖLSKYLDUSKRIFSTOFU ÍSAFJARÐARBÆJAR

Á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar eru laus störf deildarstjóra liðveislu og forstöðumanns skammtímvistunar. Um er að ræða 92% starf deildarstjóra liðveislu og 75% starf forstöðumanns skammtímvistunar.

Deildarstjóri liðveislu

Megin verkefni:

- Að hafa yfirumsjón með skipulagningu félagslegrar og frekari liðveislu.
- Ábyrgð á starfsmannamálum, samskiptum við þjónustuþega og samstarfsstofnanir.
- Ábyrgð á áætlanagerð liðveislu í samræmi við stefnumótun Ísafjarðarbæjar.
- Þátttaka í stefnumótun þjónustu Skóla- og fjölskylduskrifstofu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun innan málasviðs s.s. þroskaþjálfun eða sambærileg menntun.
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra.
- Reynsla og þekking af stjórnun.
- Frumkvæði, drift og skipulagshæfni.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Forstöðumaður Skammtímvistunar Megin verkefni:

- Ábyrgð á rekstri og þjónustu skammtímvistunar.
- Ábyrgð á innra starfi, starfsmannamálum og samskiptum við aðstandendur og samstarfsstofnanir.
- Ábyrgð á áætlanagerð skammtímvistunar í samræmi við stefnumótun Ísafjarðarbæjar.
- Þátttaka í stefnumótun þjónustu Skóla- og fjölskylduskrifstofu.

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun innan málasviðs s.s. þroskaþjálfun eða sambærileg menntun.
- Reynsla og þekking á málefnum fatlaðra.
- Reynsla og þekking af stjórnun.
- Frumkvæði, drift og skipulagshæfni.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt samningum launaneftdar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur um bæði störfin er til 15. janúar 2011. Nánari upplýsingar veitir Margrét Geirsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu í síma 450 8000. Umsóknareyðublöð liggja frammi á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar og eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

25% fækkun leikskólabarna

Árið 1998 voru 518 börn á leikskólum á Vestfirðum en árið 2009 voru börnin 388 eða 130 færri en tíu árum fyrr sem jafngildir 25% fækkun. Þetta kemur fram í svokallaðri skólaskýrslu sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman. Á sama tímabili fækkaði Vestfirðingum um 11%. Því er ljóst að börnum í fjórðungnum hefur fækkað hraðar sem gefur vísbendingu um að meðalaldur íbúa hafi hækkað á tímabilinu. Þróunin á Vestfirðum sker sig nokkuð úr miðað við aðra landshluta en auk Vestfjarða hefur leikskólabörnum einungis fækkað á Norður-



Á Vestfirðum eru 388 leikskólabörn. Myndin er af leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

landi vestra þar sem fækkunin börnum fjölgað í nágrennasveitanemur 9%. Mest hefur leikskólarfélögum Reykjavíkur en fjöl-

unin á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík undanskilinni nemur 62%. Fjölgunin í Reykjavík er hins vegar upp á 12%. Næst mest er fjölgunin á Suðurnesjum eða 61% og á landinu öllu hefur leikskólabörnum fjölgað um 24%. Heildsdagsígildi barna í leikskólum á Vestfirðum hafa staðið í stað síðastliðin áratug. Þau eru 350 þannig að á sama tíma og börnunum hefur fækkað um fjórðung hefur dvalartími barna lengst. Þróunin í öðrum landshlutum er áþekk. Á höfuðborgarsvæðinu, utan Reykjavíkur, og á Suðurnesjum hefur fjöldi heildsdagsígilda tvöfaldast og á landsvísi er um helmingis aukningu að ræða.

leikskóla staðið í stað síðasta áratuginn og eru leikskólarnir 13 talsins og eru þeir allir reknir af sveitarfélögunum. Hlutfall leikskólakennara og ófaglærðra er svipaður og annars staðar á landinu. Ófaglærðir eru 50% af starfsfólki leikskólanna, leikskólakennarar eru 37% og 8% hafa aðra uppeldismenntun. Á landsvísi eru 52% ófaglærðir, 36% eru leikskólakennarar og 12% hafa aðra uppeldismenntun. Starfsfólk leikskólanna á Vestfirðum hefur fækkað lítilega á umræddu tímabili en árið 1998 voru starfsfólkið 108 talsins en árið 2009 störfuðu 100 mans við leikskólana. Á sama tíma hefur starfsfólki á landsvísi fjölgað um tæp 60%. –kte@bb.is

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga. Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

ARGAR TÖNN
EINK. ST. LEIT
TÖNN VÉLAHLÍFIN
TITILL ÖNNEFND
TÖNN SURBULEGAR
ÞINGKONA
TRAYLLTA
'ATT
TÖNN KÖGRI
LANAR TÍHLJ.
LIFR FLÝTI
HREYFING
HUGDEIGAR
VÖKVI SAMHL.
Í-LATÍÐ

Lausn á síðustu krossgátu

TÖNN GAP-ANDI SJÓR ÁTT P MÁLM-TREY-AM
FORNA
ÓLAFUR... P'Á STRAX ÖNNEFND NÚ
FJARST I NN ST
ÁTT N NART FLJÓT-ÍN N AG SAMHL. I VADA ANNAÞ KYND MNT-ÍN MINNA
LEYFIST M'A ISAKS SAMHL R E BEKKA STAF-URINN
VAÐARABIR YRTIR HOFNA ATT F ARNA
EINS NN EINS UMÞ NUÐ N ð N ALKI VÍ-HU. R Ò N I
KVENNAFN N ANNA VERNAB BORDA E LN AÐ
TRYGGA TRÚR EIMAR SLA
SÉRHL. STUNG JÓ MARIM NAFN ANAR FÉDDI
BYGGT REIST TRYLL Mjúk VEL KVENNAFN FLJÓT TRYGGA AR
Hljóm- SLYNG- LUST S N J Ö L L U S T
ÓSKR-ABI ARGAD I EINS UMA PEF R R A R R YK
ÓSKJ-UNA BAUKINN BREYTU L U A
SAMHL. B ÖFUGA SAMAN RANGA SKJOL HETTA V A R
RYK A R 'ATT TALA N SO Ö S V Ö R
H. M. FÉLL S M A L L TÍMI 'A R

Fiskiveisla að hætti Hjördísar

„Svona rétt eftir jólin vilja margir helst borða fisk, þó hann sé ekkert endilega alltaf léttmeti. Við hjónin og vinafólk okkar höfum stundum haldið fiskiveislur, og þá boðið upp á ýmsa rétti, m.a. marineraða lúðu. Ég er ekki vön að notast við uppskriftir, en svona er þetta nokkurn veginn (magn fer eftir svengd og fjölda gesta).“

Marineruð stórlúða

Skerið lúðuna í ca 1,5 cm þykkar sneiðar og marinerið helminginn í Piri Piri kryddolíu frá pottagöldrum og hinn helminginn í góðri BBQ sósu (beta

en það hljómar!). Gott er að láta fiskinn liggja í þessu í 1-3 sólarhringa. Lúðan er svo annað hvort grilluð eða steikt á grillpönnu - fer væntanlega eftir veðri. Rétt áður en fiskurinn er tilbúinn er svolitlu Maldonsalti stráð yfir.

Engifer-lax

Skafið hreistrið af laxinum, skolið og beinhreinsið flakið og leggið með roðið niður á álpappír. Smyrjið 2 tsk af rifinni engiferót yfir fiskinn. Sneiðið rautt chilialdin þunnt og leggið sneiðarnar yfir fiskinn, kryddið með svolitlum sítrónupipar og setjið

að lokum sítrónusneiðar yfir allt flakið ásamt safu úr 1/2 sítrónu. Pakkið fiskinum inn í álpappírinn, látið standa í ca klukkustund og bakið svo í ofni eða grillið. Örlitlu Maldonsalti er stráð yfir þegar fiskurinn er tilbúinn.

Jalapeno-sósa

1/2 rauð paprika, smátt skorin
1/2 græn paprika, smátt skorin
1 dl fiskisóð
1 jalapeno-ostur í bitum
Matreiðslurjóni eftir smekk og þörfum
Salt og svartur pipar

Paprikan er mýkt í fiskisóðinu,



smá matreiðslurjóna bætt út í og síðan ostinum. Þegar osturinn er bráðinn er meiri rjóna bætt við þar til sósan er orðin eins þunn og fólk vill. Smakkað til með salti og svörtum pipar. Þessi sósa er góð með bæði lúðunni og laxinum.

Sem meðlæti má svo stinga

upp á bökudum sætum kartöfluteningum og perlulaukum með fetaosti, kúskús og fersku salati.

Ég vil skora á Margréti Skúladóttur, hárgreiðslumeistara með meiru, að vera sælkeri vikunnar í næsta blaði.

Nýársfagnaður eldri borgara

Liðlega 70 manns sóttu nýársfögnuð eldri borgara á Hlíf á Ísafirði á sunnudag. Sem fyrr var það Kiwanisklúbburinn Básar sem stóð fyrir samkomunni.

„Þetta var ljómandi góður fögnuður,“ segir Sigurður Ólafsson hjá Kiwanisklúbbnum. Að venju var boðið upp á tónlistarflutning en að þessu sinni var það Selvadore Rähni, skólastjóri Tónlistarskóla Bolungarvíkur, og eiginkona hans sem fluttu nokkur lög og síðan var stiginn dans við undirleik félaga í Harmonikkufélagi Ísafjarðar. Þá var boðið upp á kaffi og kökur sem Kiwanismenn og eiginkonur þeirra höfðu bakað auk aðkeyptra snitta. „Síðan fórum við með afgangana yfir á sjúkrahúsið svo fólkið þar gæti gætt sér á þeim. Það gerum við á hverju ári,“ segir Sigurður.

Kiwanisklúbburinn hefur staðið fyrir fögnuðinum í um 30 ár og því orðið að föstum liði í byrjun hvers árs. „Fögnuðurinn var reyndar ekki með sama sniði í upphafi. Við byrjuðum á því að bjóða börnum og barnabörnum félagsmanna ásamt eldri borgurum til fagnaðar í Hnífsdal. Svo þróaðist þetta út í að vera bara fyrir eldri borgara. Ég held að þetta sé orðið að ómissandi lið núna, manni finnst fólk vera farið að bíða eftir fögnuðinum þegar líða fer að þessu og það er jafnvel farið að spyrja eftir þessu. Þetta er alltaf mjög gaman,“ segir Sigurður.

– thelma@bb.is





KERFISSTJÓRANÁM

sem eykur starfsmöguleika þína hérlendis og erlendis

Kerfisstjóranám NTV er lotunám 9 helgar, sniðið að þörfum þeirra sem búa ekki í höfuðborginni

Tími: 1. febrúar - 23. október Verð: 469.000 Einingar: 17

Námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Nemendur taka 3 alþjóðleg próf sem gefa gráðuna „**Microsoft Certified Server Administrator**“. Kennir er 9 helgar – sjá stundaskrá á ntv.is. Á milli lota er heimanám og eru nemendur með vandað kennslufni ásamt verkefnum og í góðu sambandi við kennarann. Öll alþjóðlegu prófin eru innifalin í verðinu.

Atvinnulausir fá 25% afslátt og geta auk þess sótt um námsstyrk hjá VMST. Um er að ræða þrjú námskeið: Tölvuviðgerðir, MCTS&Network+ og MCITP netstjórnun.

Inntökuskilyrði: Nemendur þurfa að kunna skil á notendaumhverfi Windows stýrikerfisins og geta lesið ensku, þar sem stór hluti námsefnisins er á ensku. Reyndsla af rekstri tölvukerfa er ekki nauðsynleg.

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

OPIN KERFI

Microsoft
CERTIFIED
Partner Learning Solutions

PEARSON
VUE
AUTHORIZED
TEST CENTER

PROMETRIC



Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is